

Miðvikudaginn 5. júní 1991.

Nr. 50/1989. **Valdimar S. Jónsson**

(Þórólfur Kr. Beck hrl.)

gegn

dánarbúi Matthíasar L. Jónssonar

(Gunnar Sæmundsson hrl.).

Skuldabréf. Greiðsla. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. febrúar 1989. Þegar málið var munnlega flutt í réttinum, var því lýst yfir af hálfu áfrýjanda, að hann samþykkti kröfur stefnda að öðru leyti en því, er varðaði málskostnað, og gerði sjálfur kröfu um málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst 121.100 króna með 33% ársvöxtum frá 1. september 1984 til 1. febrúar 1985, 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s.á., 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., 52,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 27. ágúst s.á., en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti auk dráttarvaxta á málskostnað.

Stefndi gerir eftirfarandi grein fyrir kröfum sínum:

„Hér er um að ræða lækun krafna frá héraðsdómi. Lækkunin er gerð, þar sem líkur virðast á, að staðhæfing áfrýjanda um, að víxill að fjárhæð kr. 63.150,00, útgefinn af Birni S. Benediktssyni 24. maí 1984 og samþykktur af Valdimar S. Jónssyni pr.pr. Græðir sf., til greiðslu í Sparisjóði Öfundarfjarðar 24. ágúst 1984, sem um er fjallað í hæstaréttarmálinu nr. 49/1989, hafi verið sendur Matthíasi heitnum Jónssyni til greiðslu á eftirstöðvum annarrar afborgunar af skuldabréfi því, sem um er fjallað í máli þessu, en láðst hafi að færa það inn á bréfið.“

Í héraði gekk útvistardómur í þessu máli og einnig í málinu nr. 49/1989. Útivist varð af hálfu áfrýjanda í því máli fyrir Hæstarétti, og krafðist stefndi ómaksbóta.

Málskostnaður til stefnda ákveðst 20.000 krónur í héraði, en fellur niður fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Valdimar S. Jónsson, greiði stefnda, dánarbúi Matthíasar L. Jónssonar, 121.100 krónur með 33% ársvöxtum frá 1. september 1984 til 1. febrúar 1985, 45% frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% frá þeim degi til 1. september s.á., 45% frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 20.000 krónur í málskostnað í héraði. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Ísafjarðarsýslu 24. nóvember 1988.

Mál þetta, sem þingfest var 1. september 1988 og dómtekið 3. nóvember 1988, var höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, birtri stefnda á heimili hans að Goðatúni 14, Flateyri, laugardaginn 27. ágúst 1988.

Dómkröfur stefnanda í máli þessu eru þær, „... að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 179.534 með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Málavextir.

Stefnandi kveður skuld þessa vera samkvæmt veðskuldabréfi, upphaflega að fjárhæð kr. 325.000, en nú að eftirstöðvum kr. 163.434, útgefnu af stefnda til handhafa 6.7. 1983 og tryggðu með 3. veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni Tjarnargötu 1 á Flateyri. Bréf þetta hafi átt að greiðast með þremur afborgunum, í fyrsta skipti 1.10. 1983 kr. 110.000 auk vaxta, í annað skipti 1.5. 1984 kr. 110.000 auk vaxta og í þriðja skipti 1.9. 1984 kr. 105.000 auk vaxta. Vextir hafi verið ákveðnir 46% ársvextir og reiknaðir frá 24.6. 1983. Fyrsta greiðsla hafi verið innt af hendi 19.10. 1983. Önnur greiðsla hafi verið greidd að hluta 6.6. 1984, þ.e. áfallnir vextir og kr. 51.565,97 upp í afborgun, en meira hafi ekki fengist greitt. Hin veðsetta eign hafi verið seld á nauðungaruppboði 20.2. 1987 (uppboðsafsal dags. 14.5 1987), án þess að nokkuð kæmi upp í kröfu stefnanda, og hafi veðsetningin verið afmáð úr veðmálabókum. Innheimtutilraunir hafi ekki borið árangur, og því sé mál þetta höfðað.

Málsástæður.

Stefnandi kveður málsástæður vera þær, að hann eigi gjaldfallna, en ógreidda skuldabréfskröfu á hendur stefnda.

Niðurstæða.

Hinn 1. september 1988, er mál þetta var þingfest, var þing sótt af hálfu stefnda og lögmanni hans veittur frestur til að skila greinargerð til 20. október 1988. Við fyrirtöku málsins 20. október var málinu frestað að ósk beggja lögmanna í tvær vikur. Við fyrirtöku málsins 3. nóvember sl. féll þingsókn niður af hálfu stefnda, og var málið dómtekið að kröfu lögmanns stefnanda.

Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 24.900, þ.m.t. söluskattur.

Dóminn kvað upp Katrín Hilmarsdóttir, fulltrúi sýslumannsins í Ísa-fjarðarsýslu.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Valdimar S. Jónsson, kt. 040655-4179, Goðatúni 14, Flateyri, greiði dánarbúi Matthíasar L. Jónssonar, Fossi, Bildudalshreppi, kt. 250337-4509, kr. 179.534 með 30% ársvöxtum af kr. 58.434 frá 1.5. 1984 til 1.9. sama ár, 33% ársvöxtum af kr. 179.534 frá degi til 1.2. 1985, 45% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1.3. sama ár, 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. sama ár, 42% árs-

vöxtum frá þeim degi til 1.9. sama ár, 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1986, 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. sama ár, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1987, 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. sama ár, 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1.7. sama ár, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1.8. sama ár, 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. sama ár, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1.10. sama ár, 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1.11. sama ár, 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. sama ár, 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1. 1988, 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. sama ár, 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1.5. sama ár, 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1.7. sama ár, 52,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1.8. sama ár, 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 27.8. 1988, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 24.900 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum. Málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Dráttarvextir skulu leggjast við höfuðstól stefnukröfu á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1.5. 1985, og við málskostnaðarfjárhæð á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.
